

til greina hjálp frá öðrum draumgjafa en þeim, sem ég hafði haft samband við þangað til, og að vísu á miklu hærra tilverustigi, þar sem menn geta, þegar þeir vilja, séð betur en hér á jörðu er hægt með nokkurri fjarsjá eða smásjá. Þarna var um að ræða bergtegund, sem ég hefi aldrei í vöku augum litið, og eru mér einkum minnisstæð geisistór björg, sem hrunið höfðu úr hömrinum fyrir ofan; voru þau einkennilega fagurgræn á lit. Hefir nú að vísu sumt basalt verið nefnt grængrýti, en þetta berg var ákaflega miklu fegra en það, og nær því sem gimsteinn væri. Mér fór nú að verða ljóst, að mig var að dreyma, og þó þannig, að ég var að litast um á annarri jörð, sem hlaut þó að vera mjög svipuð þeirri, sem ég á heima á. Langaði mig nú mjög ákaft til að draumurinn mætti endast nokkuð enn, svo að ég gæti litast betur um. En þá vaknaði ég. Vafalaust tel ég, að hefði mig dreymt á þessa leið, áður en ég fór að rannsaka eðli drauma, mundi mér aðeins hafa virst sem mig hefði dreymt fagran vormorgun í Reykjavík; og eins og að sínu leyti, um fífilbrekkudrauminn, sem ég hefi sagt frá í kafla hér áður. En nú, eftir meir en 40 ára athuganir, veit ég með vissu, að mig dreymir aldrei það, sem mér er kunnugt úr vöku, og eins, hver skýringin á þessu er. Vér getum með því að athuga draumlíf vort, alveg gengið úr skugga um samband vort við íbúa annarra jarðstjarna. Og enn fremur er augljóst, hvernig draumsambandið mætti fullkomna svo, að vér gætum notað svefnstundirnar svo sem til ferðalaga í alheimi, oss til stóraukins fróðleiks. Og huggunar. Því að vér gætum heimsótt þá framliðnu, sem oss væri helst hugur á að sjá. Er óhætt að segja það fyrir, að áhuginn á að koma þessu máli í rétt horf, mun verða mikill, og það um alla jörð, þegar mönnum er orðið ljóst, að ég hefi í þessum efnum fullkomlega vísindi að mæla.

2. Ónógar varnir.

Þúsund milljóna lán, sem í fréttum var getið, sýnir bæði hversu sænska þjóðin er auðug orðin, og eins hve mikill vilj-

inn er til að verjast með vopnum, ef á þarf að halda. En sagan sýnir, hversu ágæt bardagahreysti Norðurlandþjóðanna hefir þó reynst þeim ónóg til varnar því sem mest á reið að ekki glataðist. Norðurlandþjóðirnar hefðu getað haft forustu fyrir mannkyninu á rétta framfaraleið. Þarf til þess að skilja það, ekki annað en minnst þess, hvernig á Norðurlöndum hafa orðið ýmis upptök þeirra þekkingar, sem mannkyninu hefir drýgst orðið til framfara. Einnig má minnst þess, að saga hefir hér á Íslandi verið betur rituð en áður hafði gert verið. Aðalorsakarinna til þess að forystan brást, verður að leita í því, hvernig norrænar þjóðir slitnuðu frá sinni fortíð og týndu hinu forna tungumáli, sem ég hygg, að framfarahæfara sé og meir eflandi andlegan þroska en nokkurt annað hér á jörðu. Norðurlandþjóðirnar megnuðu ekki að verjast ýmsum óhollum útlendum áhrifum. Og þeim varð einungis ónóglega ljóst, hve mjög Íslendingar hefðu getað orðið þeim að liði í þessum efnum. Og verður þó að muna eftir því, að sú tegund manna, sem hugsar hinar nýju hugsanir, og allsstaðar hefir átt mjög erfitt uppdráttar, hefir hvergi síður en á Íslandi átt þess kost, að geta náð þroska og orðið að notum.

Þýðing tungumálsins fyrir andlegan þroska virðist mér jafnvel koma nokkuð fram í því, hversu heimspeki nútímans er þunn og ófullnægjandi, hjá því sem þurft hefði að vera. Aðeins að nokkru leyti hefir verið haldið áfram af hinni stórkostlegu tilraun Forngríkkja til skilnings á tilverunni. En af því, að framhaldið hefir ekki verið fullkomnara, leiðir, að mannkynið er ennþá á villigötum, og hefir t. d. ekki náð því yfirliti yfir tilveruna, sem nægja mundi til þess að styrjaldir legðust niður.

3. Snorri Sturluson og Þorkell rostungur.

I

Svo segir í Sturlungu (II., 20. kap.): „Þá er Snorri Sturluson bjó at Borg, kom skip í Hvítá, Orkneyjafar, ok var stýrimaðr. Þorkell rostungur. Hann fór til Borgar um vetr-